

Með hæstu einkunn í sögu deildarinnar

Kristófer Kristófersson segir að hugsunarhátturinn þurfi að breytast

Viðtal: Sigríður Elín Ásmundsdóttir | Myndir: Björn Gíslason og úr einkasafni

Kristófer Kristófersson, viðskipta-, markaðs-, og hjúkrunarfræðingur, brautskráðist frá Háskóla Íslands með hæstu einkunn í sögu Hjúkrunarfræðideildar skólans, eða 9,71 í meðaleinkunn. Auk þess kláraði hann námið á þremur og hálfu ári í stað fjögurra. Fjölmíðlar fóru á flug og fengu Kristófer til að koma í viðtöl og Tímarit hjúkrunarfræðinga varð líka að heyra í þessum nýútskrifaða hjúkrunarfræðingi sem fannst alveg sjálfsgagt að koma í spjall. Kristófer er hógvæðin uppmáluð, hann vill ekki gera mikið úr námsárangri sínum og jatar að hafa hvorki lesið né hlustað á þau viðtöl sem fjölmíðlar hafa tekið við hann á síðustu dögum. Hann segist samt hafa velt því fyrir sér hvort kyn hans hafi haft áhrif á áhuga fjölmiðla og hvort kona sem hefði náð sama framúrskarandi árangri hefði fengið sömu fjölmiðlaathygli.

Þú varst áberandi í fjölmiðlum fyrir framúrskarandi námsárangur, kom þessi mikla fjölmiðlaathygli þér á óvart?

Já, virkilega. Ég hafði ekki hugmynd um þetta fyrr en maður á markaðs- og samskiptasviði Háskóla Íslands hafði samband við mig og spurði hvort ég væri til í að mæta í útvarpsviðtal. Ég hafði verið á næturvakt nóttina áður, vaknaði seinnipartinn og sá þá fjögur ósvöruð símtöl á símanum mínum úr símanúmeri sem ég kannaðist ekkert við. Ég hélt að eitthvað hefði komið fyrir og hringdi því strax til baka og fékk þá þær fréttir að ég hefði verið með hæstu einkunn frá upphafi frá Hjúkrunarfræðideild HÍ. Síðan hafa þónokkrir fjölmiðlar haft

samband við mig en ég verð að játa að ég hef ekki lesið eða hlustað á neitt af þessum viðtölum við mig. Ég treysti bara mínum nánustu til að segja mér hvernig þetta kom út og vona það besta.

Hefur þú alla tíð verið afburðanámsmaður?

Ég held ég hafi aldrei verið vitlaus en ég var ekkert allt of duglegur að sinna náminu í grunnskóla eða á fyrsta árinu í MR. Það var smá sjokk að fara í MR því það var fyrst þá sem ég fattaði að ég þyrfti aðeins að hafa fyrir þessu og ég játa alveg að ég var ekkert allt of langt frá því að falla í nokkrum áföngum. Eftir fyrstu tvö árin í menntaskóla fann ég löngun til að leggja meira á mig og þá fór mér að ganga betur.

Heldur þú að þú hefðir fengið sömu fjölmiðlaathygli ef þú værir kona að útskrifast úr hjúkrun með hæstu meðaleinkunn sem gefin hefur verið?

Ég hef satt að segja velt því fyrir mér og borið þessa spurningu upp við samstarfsfólk mitt og við rætt þetta opinskátt. Það er engin leið að vita það og ég hef velt því fyrir mér hvort þessi mikla athygli sé tilkomin vegna þess að ég er karlmaður eða vegna þess að ég hef farið óhefðbundna leið á mínum námsferli. Fólk finnst áhugavert að ég hafi tekið tvö ár í læknisfræði, svo klárað tvær háskólagráður og eftir nokkur ár á vinnumarkaði ákveðið að læra hjúkrunarfræði. En já þetta er góð spurning og það væri áhugavert að vita hvað veldur þessum áhuga.

Hvað tekur við núna eftir útskrift?

Ég ætla bara að njóta þess að vera búinn með þennan áfanga og að þurfa ekki sífellt að hugsa um næsta verkefni. Maður verður líka að gefa sér tíma til að staldra við, vera ekki alltaf að stefna að einhverju, reyna heldur að vera sáttur í eigin skinni í núinu og vera sáttur þar sem maður er. Starf mitt í



geðinu felst mikið í því að ræða líðan og tilfinningar og það hefur fengið mig til að horfa meira inn á við og þekkja sjálfan mig betur. Ég held að þeir sem hafi lesið mína sögu sjái það að ég hef ekki alltaf vitað hvert ég stefndi eða verið ánægður í því sem ég var að gera en núna finn ég að ég er sáttur. Ég lærði að sjá hvað ég vildi fá út úr starfinu og það leiddi mig má segja inn á geðið. Ég fór strax eftir klásus að vinna á móttökugeðdeild fíknimeðferðar og mér líkaði svo vel þar að ég er þar enn, ástæðan er bæði áhugi minn á geðhjúkrun og hvað ég er ótrúlega ánægður með mitt samstarfsfólk og líður vel í vinnunni.

Móðir þín er bæði hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir, fannst þér hennar starf heillandi þegar þú varst barn að alast upp?

Ég get ekki sagt að ég hafi endilega heillast af starfinu sem barn. Fyrstu minningarnar eru af mömmu minni í sínu starfi sem hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir, að svara símtölum frá nýbökudum mæðrum sem þurftu ráðleggingar varðandi stálma í brjóstum og fleira þess háttar á öllum stundum dagsins. Þá þurfti maður líka að bíða út í bíl meðan mamma var í heimaþjónustu. Það kom fyrir þegar ég var barn að maður þurfti að koma við í vinnunni með mömmu á heilsugæslunni á Seltjarnarnesi og ég man að mér þótti það mjög spennandi staður. Ég veit ekki hvað varð til þess að ég

„Starf mitt í geðinu felst mikið í því að ræða líðan og tilfinningar og það hefur fengið mig til að horfa meira inn á við og læra þekkja sjálfan mig betur.“

valdi hjúkrunarfræði en ég viðurkenni alveg að þegar ég var yngri gaf ég því engan gaum að læra hjúkrun, kannski var það mín eigen þröngsýni sem fleiri karlmenn tengja kannski við. Ég þældi bara ekki í því að ég gæti lært hana.

Áttu þér fyrirmynd í faginu?

Já, margar og það erfitt að gera upp á milli. Bæði hjúkrunarfræðingar sem ég hef kynnst í náminu, vinnunni og þar sem ég hef verið í verknámi. Það eru frábærir hjúkrunarfræðingar á öllum stöðum sem ég hef verið.

Hver er ímynd hjúkrunarfræðinga hér á landi að þínu mati?

Ég held að ímynd hjúkrunarfræðinga fari mikið eftir því á hvaða tímapunkti þú spyrð fólk út í hana. Þeir sem hafa verið í nálægð við störf hjúkrunarfræðinga, hvort heldur sem sjúklingur eða aðstandandur, telja störf hjúkrunarfræðinga mikilvæg og ímyndin er jákvæð. Þegar umræðan fer að snúast um kjaramál og annað er ímyndin hins vegar oft önnur og neikvæðari. Þegar fólk talar um einstaka hjúkrunarfræðinga er það oftast mjög jákvætt en ég tek eftir að það er oft meiri neikvæðni þegar talað er um stéttina eða hjúkrunarfræðinga sem heild.

Hvernig sérðu hjúkrunarfræði sem fag þróast á næstu árum og áratugum?

Ég held að það verði meiri sérhæfing í hjúkrun í framtíðinni. Ég fékk einkennilega spurningu á Bylgjunni um daginn þar sem spurt var hvort hjúkrunarfræðingar væru farnir að skipta sér meira af störfum lækna, ég held að það sé ekki rétt og lít þannig á að það sé frekar um að ræða meira samtal og samstarf á milli þessara stétta en áður var. Ég tel að það sé jákvætt að þessar tvær stéttir vinni meira saman, við vitum hvert mikilvægi lækna, hjúkrunarfræðinga og annarra heilbrigðisstétta er og þetta er engin keppni. Þessar stéttar mega ekki horfa hver til annarrar út frá því hvort ein stéttin sé mikilvægari en önnur.

Nú eru karlmenn hærra hlutfall af hjúkrunarfræðingum í mörgum öðrum löndum en hér á landi, hvers vegna heldur þú að við séum enn þá föst í fornöld þegar kemur að því að vera karlmaður í hjúkrunarfræði?

Ég held að svarið við þessari spurningu sé einfalt. Ég held að margir ungir strákar sem eru að hugsa hvað þeir ætli að verða þegar þeir verða stórir leiði einfaldlega ekki hugann að því að hjúkrun gæti verið fyrir þá, að það sé möguleiki í stöðunni að velja hjúkrun.

Hvernig breytum við þessu og fáum fleiri karlmenn til að læra hjúkrunarfræði?

Við verðum að venja okkur á að tala ekki um hjúkrun sem kvennastarf og það byrjar hjá okkur sjálfum sem tilheyrum stéttinni. Það þarf að breyta hugsunarhættinum.

Hefur þú skoðun á mönnunarrvandanum og hvernig væri mögulega hægt að leysa hann?

Það þarf leysa hann og ég ætla ekki að þykjast vera með neina töfralausn en við getum byrjað á að skrifa undir kjarasamning sem hjúkrunarfræðingar eru sáttir við og fer ekki í gerðardóm.



„Það þarf leysa hann og ég ætla ekki að þykjast vera með neina töfralausn en við getum byrjað á að skrifa undir kjarasamning sem hjúkrunarfræðingar eru sáttir við og fer ekki í gerðardóm.“

Hver er draumurinn?

Eltast ekki endalaust við hamingjuna heldur finna hana og það er ég að gera.

Að lokum hvaða áhugamál áttu sem efla andann og næra sálina?

Útivist og hreyfing eins klassískt og það hljómar. Ég er í crossfit og fæ ágætis útrás þar en við ræðum þetta oft á geðdeildinni þar sem ég starfa að ef grunnþættirnir, svefn, hreyfing og mataræði eru í lagi þá fylgir oftast andlega heilsan með þegar maður er með gott fólk í kringum sig.